

Vesturbyggð  
Aðalstræti 75  
450 Patreksfirði

Ísafirði 5. maí 2026

**Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða, beiðni um samþykki á kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050, sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt fylgigögnum.**

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða vísar til samþykkis Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar, Reykhólahrepps, Vesturbyggðar, Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps, um auglýsingu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050, á grundvelli 3. mgr 23. gr Skipulagslaga 123/2010 með vísan til erindis nefndarinnar til sveitarfélaganna frá 19. nóv 2025.

Að lokinn umsögn Skipulagsstofnunar var kynningartillaga lögð út til umsagnar í Skipulagsgátt þann 16. febrúar og til og með 7. apríl 2026 og bárust alls 14 umsagnir.

Svæðisskipulagsnefnd fjallaði um efni umsagna og tillögu að svörum nefndarinnar á 25. fundi þann 14. apríl 2026. Nefndin kom að nýju saman á 26. fund þann 4. maí 2026 til endanlegrar afgreiðslu. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða af fulltrúum allra sveitarfélaga sem standa að gerð svæðisskipulagsins.

*Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða hefur yfirfarið kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2040 og sendir sveitarstjórnnum lokatillögu ásamt umsögnum nefndarinnar við framkomnum athugasemdum til samþykktar, sbr. 2. mgr. 25. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.*

Með vísan til þessara samþykktar er hjálagt lögð fram tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 með áorðnum breytingum, (sem eru til skýringar tilgreindar með rauðu lettri), með tillögunni fylgja eftirfarandi gögn, *Umhverfismat Svæðisskipulags Vestfjarða, maí 2026, og Vestfirðir og Vestfirðingar Stöðumat, maí 2026*. Eftir afgreiðslu sveitarfélaganna verður greinargerð tillögunnar sett upp fyrir lokaútgáfu.

Hér með er lögð fram beiðni um afgreiðslu bæjarstjórnar Vesturbyggðar á tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050, með vísan til 2. mgr. 25. gr. Skipulagslaga nr 123/2010.

F.h. Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

Gögn; Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050  
Fylgigagn Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050 Umhverfismat  
Fylgigagn Svæðisskipulag Vestfjarða 2025-2050 Stöðumat